



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Bílastæðasjóð og stæðiskort fyrir hreyfihamlaða**

Á fundi borgarráðs þann 7. júlí 2022. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Í minnisblaði borgarlögmanns til borgarstjóra kemur fram að borgarlögmaður telur að Bílastæðasjóður Reykjavíkur hafi gerst brotlegur við umferðarlög, og hafi brotið á réttindum fatlaðs fólks, með því að innheimta gjald hjá handhöfum stæðiskorta fyrir notkun bílastæða í bílastæðahúsum. Óskað er upplýsinga um brot Bílastæðasjóðs og hvað Reykjavíkurborg hyggst gera í því máli. Verður krafist skaðabóta? Fulltrúi Flokks fólksins telur málið alvarlegt og óskar upplýsinga um hvort aðgengis og samráðsnefnd Reykjavíkur muni ekki fjalla um málið og álykta um að handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða skuli undanskildir gjaldskyldu í borgarlandinu, hvort sem er í bílastæðahúsum, bílskylum eða á götum úti? Í meira en þrjú ár hefur bílastæðasjóður brotið á þeim sem aka á P-merktum bílum. Árið 2019 voru ný umferðarlög samþykkt þar sem skýrt er kveðið á um að handhöfum stæðiskorta sé heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án greiðslu og einnig að handhafar stæðiskorta megi leggja í sérmerkt bílastæði í öllum göngugötum.*

Fyrirspurninni var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 14. september 2022.

Svar:

Frá og með 20 mars 2023 hefur ekki verið tekið gjald af handhöfum stæðiskorta hreyfihamlaðra í bílahúsum borgarinnar. Líkt og kemur fram í frétt á síðu borgarinnar hefur af hálfu Reykjavíkurborgar fram til þessa verið litið svo á að þar sem gjaldtaka í bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar byggist ekki á heimildarákvæði 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hafi mismunandi reglur átt að gilda um undanþágur handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihömluð frá gjaldtöku eftir því hvort bifreið væri lagt í bifreiðastæði við götu (stöðureitur) eða bifreiðastæði í bílastæðahúsi. Nánar tiltekið hafi undanþága frá gjaldskyldu einungis átt að gilda um handhafa stæðiskorta sem legðu bifreiðum sínum í bifreiðastæði við götu (stöðureitur). Í kjölfar nánari skoðunar og samtals við innviðaráðuneytið telur Reykjavíkurborg rétt að túlka ákvæði 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 á þann veg að undanþága sem ákvæðið mælir fyrir um gildi einnig um bifreiðastæði í bílastæðahúsum

Beðist er velvirðingar á því hversu seint svarið við fyrirspurninni berst.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*